

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

SRSS

Reykjavík, 15.02.2024

Efni: Umsögn RARIK um frumvarp til breytinga á lögum um stærðarviðmið virkjana – 26. Mál

Vísað er til tölvupósts, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar RARIK ohf. („RARIK“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 („rammaáætlun“) og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 („lög um umhverfismat“) sbr. þingskjal nr. 26 á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

RARIK þakkar fyrir tækifæri til umsagnar.

Um er að ræða áform um að *lækka stærðarviðmið virkjana úr 10 MW í 1 MW* þegar kemur að annars vegar rammaáætlun og hins vegar lögum um umhverfismat. Fram kemur í frumvarpinu að „*tryggja verði heildarsýn, ítarlega umfjöllun og upplýsingaöflun um virkjunarkosti yfir 1 MW í ljósi reynslunnar af núverandi viðmiði, 10 MW.*“

RARIK telur að nógildandi lög um umhverfismat tryggi nú þegar með fullnægjandi hætti *ítarlega umfjöllun og upplýsingaöflun* um virkjunarkosti yfir 1 MW. Í núverandi lögum er Skipulagsstofnun falið að meta í hverju einstöku tilviki fyrir sig hvort gera skuli umhverfismat fyrir virkjanir sem eru allt frá 0,2 MW að stærð. Þannig er í senn tryggt að umhverfismat sé ávallt gert ef málefnalegar ástæður eru til þess en jafnframt að svigrúm sé til að sleppa því þegar umhverfismat er óþarft. Gerð umhverfismats er kostnaðarsamt og tímafrekt sem reynslan hefur sýnt að er íþyngjandi fyrir framkvæmdaaðila og telur RARIK mikilvægt að slíkar kvaðir séu ekki lagðar á að óþörfu. Langur undirbúningstími vegna tenginga virkjana skapar einnig óvissu við þróun dreifikerfis raforku sem er íþyngjandi, sérstaklega vegna þeirra hröðu endurnýjunar dreifikerfisins sem nú er framundan vegna orkuskipta.

RARIK tekur undir að tryggja þurfi heildarsýn um virkjunarkosti. Hins vegar telur RARIK ekki að rammaáætlun í *núverandi mynd* tryggi þessa *heildarsýn*, og breytir lækkun á stærðarviðmiði því miður engu þar um. Reynslan hefur sýnt að afgreiðsluferli rammaáætlunar er alvarlega gallað, ekki síst með hliðsjón af löngum afgreiðslutíma. Ennfremur skortir á tengingu við markmið samþykkrar Orkustefnu, og markmið stjórnvalda er varðar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands tengdar loftslagsmálum. RARIK

telur að til að tryggja nauðsynlega heildarsýn á mögulega virkjanakosti, loftslags- og orkumál sé heppilegra að fara aðrar leiðir en að lækka stærðarviðmið virkjana í rammaáætlun.

I. Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (lög um umhverfismat)

Í [fréttatilkynningu frá Skipulagsstofnun](#) sem birt var stuttu eftir að ný lög um umhverfismat (nr. 111/2021) tóku gildi kemur m.a. fram að með nýju lögnum „sé stuðlað að einföldun á ferli umhverfismats og að lögin skerpi á kröfum til leyfisveitenda um að taka mið af álitni Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar.“

Í samræmi við lögin eru virkjanir frá allt að 0,2 MW (200 kW, fer eftir eðli raforkuframleiðslu) tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Enn fremur kemur fram í 18. gr. laganna að tilkynningarskyldar framkvæmdir *skuli vera háðar umhverfismati* þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Breytingarlög nr. 28/2023 um þessi sömu lög skerpa síðan enn frekar á þessu ferli og gera t.a.m. aðilum kleift að ákveða sjálfir að gangast undir umhverfismat.

Þetta þýðir að þó að virkjun á bilinu 1 til 10 MW falli ekki undir framkvæmdir sem eru *ávallt* háðar umhverfismati sbr. flokk A í 1. viðauka við lög um umhverfismat, þá er ekkert því til fyrirstöðu að Skipulagsstofnun fari fram á umhverfismat, enda mörg dæmi um það.

II. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun)

Í greinargerð með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er m.a. vísað [til álits Skipulagsstofnunar frá árinu 2020](#). Í álitnu telur Skipulagsstofnun veikleika í því fólgin að *uppsett afl segi aifarið til um það* hvaða framkvæmdir skuli teknar fyrir í rammaáætlun. Í þessu tiltekna álitni er fjallað um virkjun sem mun að mati Skipulagsstofnunar „hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif og tilefni hefði verið til að meta með öðrum virkjunarkostum í rammaáætlun, þar á meðal vegna samlegðaráhrifa með Hrafnabjargavirkjun sem er lagt til að falli í verndarflokk samkvæmt tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun, en er í biðflokki samkvæmt gildandi rammaáætlun.“

RARIK tekur undir að uppsett afl er ekki eini mælikvarðinn á *umhverfisáhrif*. Virkjanir sem eru 7 MW geti sem dæmi haft meiri umhverfisáhrif en virkjanir sem eru 12 MW o.s.frv. RARIK tekur þó ekki undir að í því felist einhverskonar lausn að allar virkjanir yfir 1 MW skuli teknar fyrir í rammaáætlun.

Rammaáætlun er kostnaðarsamt og verulega tímafrekt ferli sem vegur þ.a.l. sérstaklega þungt hlutfallslega þegar kemur að minni virkjunarkostum. RARIK fær þannig ekki séð að rammaáætlun sem slík leysi þann veikleika sem vísað er til. Mat á umhverfisáhrifum í samræmi við nýja löggjöf sem fjallað hefur verið um hér að framan gerir það miklu frekar.

RARIK telur að það væri *frekar* tilefni til þess að *veita undanþágu* frá ferli rammaáætlunar ef t.a.m. sýnt er fram á að umfang 9,3 MW virkjunarinnar sé svipað umfangi við 15 MW virkjun m.t.t. umhverfismats eins og einnig er fjallað um í greinargerð með þessu frumvarpi.

III. Núverandi staða

RARIK vill koma því á framfæri að því fylgir *nú þegar* mikil stjórnslásla að koma virkjun á bilinu 1 til 10 MW til framkvæmda. Virkjunaraðilar þurfa að fara í gegnum stjórnsluferli hjá u.þ.b. sex mismunandi stofnunum eða opinberum aðilum áður en framkvæmdir geta hafist en sækja þarf um; *virðjunarleyfi* hjá Orkustofnun, framkvæmd er tilkynningarskyld til *Skipulagsstofnunar* (við bætist mögulega mat á umhverfisáhrifum), framkvæmda-og byggingaleyfi *viðkomandi sveitarstjórnar*, leyfi *Heilbrigðiseftirlits* viðkomandi landsvæðis, leyfi *Fiskistofu* og leyfi *Minjastofnunar Íslands*.

Að þessum ferlum loknum þurfa virkjunaraðilar að ganga til samninga við dreifiveitu eins og t.d. RARIK, og mögulega greiða háar upphæðir til þess að fá að tengjast kerfinu þar sem eðli málsins samkvæmt má ekki velta tengikostnaði eins aðila á þá sem fyrir eru. Tekið skal fram að RARIK þjónustar nú þegar tugi smávirkjana með samanlagt uppsett afl upp á rúmlega 70 MW.

IV. Að lokum

Ef þessar breytingar sem hér er fjallað um ná fram að ganga mun það þyngja nú þegar þungt ferli. Sérstaklega m.t.t. kostnaðar, tíma og þ.a.l. rekstrarumhverfis minni virkjana (smávirkjana). Að mati RARIK myndi þetta þýða að afar fáar virkjanir af þessari stærðargráðu frá (1 til u.þ.b. 10 MW) verði að veruleika í framtíðinni.

Einnig telur RARIK frumvarpið vera í andstöðu við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir (þingskjal nr. 51 á 154. löggjafarþingi) sem hefur verið á borði atvinnuveganefndar og RARIK hefur nýverið fjallað um. Þar er markmiðið að einfalda regluverk til að greiða fyrir fleiri smávirkjum.

RARIK telur frumvarpið einnig vera í andstöðu við markmið stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 og vinna gegn þeirra stöðu sem uppi er vegna raforkuöryggis (skorts á framboði).

Fulltrúar frá RARIK eru ávallt reiðbúnir til að gera betur grein fyrir þessari umsögn sem og til áframhaldandi samtals við stjórnvöld um raforkumál.

Virðingarfyllst,

f.h. RARIK ohf.



Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri